

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 1. mars 2023.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 116 – 116. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 116 – 116. mál. Félagið styður framlagða þingsályktunartillögu og telur það vera mikilvægt framfaraskref í því skyni að standa vörð um hagsmuni og réttindi sjúklinga.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni var hún lögð fram á 153. löggjafarþingi en hlaut ekki brautargengi. Jafnframt kemur fram að hugmynd um umboðsmann sjúklinga er ekki ný af nálinni en mannréttinda- og neytendasamtök á sjöunda áratug síðustu aldar vöktu athygli á málinu. Þá kom fram breytingatillaga af hálfu Kvinnalistans á 112., 116. og 117. löggjafarþingi á þágildandi lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Í greinargerð með núverandi tillögu kemur fram að umboðsmanni sjúklinga er ætlað að vera opinber talsmaður sjúklinga og vinna að því að þjónustuveitendur taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna þeirra, jafnframt því að fylgjast með því að sjúklingum sé ekki mismunað og jafnræðis sé gætt. Þá er umboðsmanni sjúklinga ætlað að taka við kvörtunum, meta þær og aðstoða sjúklinga við að koma þeim á framfæri og að leysa samskiptavanda og deilumál. Félagsráðgjafafélag skilaði umsögn dagsett 9. nóvember 2022 og ítrekar hér fyrri ábendingar.

Eins og kemur fram í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 ber að gæta sérstaklega að rétti þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu og jafnvel ekki færir um að leita réttar síns. Tillaga um umboðsmann sjúklinga styður við stefnuna og er í anda síðareglna félagsráðgjafa á Íslandi en þar kemur fram að: *Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað.*¹ Félagsráðgjafar eru málsvarar skjólstæðinga sinna, þeir vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda. Þeir búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Félagsráðgjafar starfa á Landspítala og öðrum heilbrigðisstofnunum og eru því ein af lykilstéttum þegar kemur að því að tryggja réttindi sjúklinga. Þeir vinna með einstaklingum sem glíma við fátækt, fíknisjúkdóma og félagslegan vanda auk barnaverndarmála. Félagsráðgjafar hafa mikla þekkingu og

¹ Síðareglur félagsráðgjafa á Íslandi aðgengilegar á <https://felagsradgjof.is/felagsradgjof/sidareglur/>

reynslu af stöðu málefna fatlaðs fólks á Íslandi, í málefnum aldraðra, flóttamanna og annarra innflytjenda. Þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi.

Vill félagið draga fram mikilvægi þess að jafnframt því að koma á fót embætti umboðsmanns sjúklinga þarf að tryggja fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á að veita á hverjum tíma í samræmi við lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Því þarf að efla þverfaglega heilsuefandi móttöku innan heilsugæslu fyrir alla aldurshópa og að tryggja jafnt aðgengi allra að slíkri þjónustu. Auka þarf þátttöku ýmissa stétta innan heilsugæslunnar, þar á meðal félagsráðgjafa vegna sérþekkingar þeirra í því að efla félagslega heilsu og vinna með streitu og áföllum. Þá þarf að endurskoða hugmyndafræði og innihald endurhæfingar og meðferðar, meðal annars í samstarfi við notendur og félagsamtök.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður